

ÞRIÐJI ÁRSFJÓRÐNGUR (7-9 mánaða)

Um 7 mánaða byrjar barnið að sitja eitt og óstutt, smástund fyrst í stað. Það situr þá álútt, gleitt og styður sig fram á hendurnar, oft góður stuðningur af sínum eigin lærum.

Eftir því sem líður á tímabilið eykst öryggið, setjafnvægið verður meira og fyrir níu mánaða



aldur er barnið farið að sitja og leika sér, það sest sjálft upp og kemst aftur á magann ef því sýnist svo, veltir sér til og frá og getur dregið sig áfram á maganum í nokkurs konar „skæruliðaskriði“ til að skoða öll heimsins undur.

Nú veltir barnið hlut milli handanna og virðir fyrir sér. Það getur líka sleppt honum til þess að taka hann upp aftur, sleppt og tekið upp aftur...

Barnið þekkir mörg hljóð, hlustar á söng og hefur gaman af einföldum leikjum. Það hjalar enn, en ekki í jafn ríkum mæli og áður, það er svo margt annað sem fangar hugann.

Barnið er tilfinningalega bundið þeim sem standa því næst. Því finnst gaman að fara faðm úr faðmi þeirra sem það þekkir, en best er að vera hjá sínum nánustu. Tekur öðrum með varúð.

Barnið fer að gera greinarmun á fólki, verður oft mannafæla; hvumpið þegar ókunnuga ber að garði, en fagnar sínum.

Það verður að taka tillit til þessa og ekki koma of nálægt eða taka barnið upp fyrr en það hefur sýnt að það vilji það sjálft.

Hvatning: Vera saman, njóta þeirra breytinga sem verða með auknum þroska. Leika, tala saman, syngja, veltast um.

Skynja, skoða, hlusta: Slá saman tveimur kubbum, naga, slá í borð. Henda niður, horfa á eftir, taka við aftur, henda niður...

Apa eftir einfaldar hreyfingar og hljóð. Hlusta á tif í klukku eða són/rödd í síma.

Hreyfa sig: Toga sig upp til að sitja og styrkja háls og kvið í leiðinni. Sitja sjálft og leika sér, finna jafnvægið með því að styðja sig fram og til hliðanna, rétta sig af.

Komast sjálft yfir á magann úr sitjandi stöðu, hreyfa sig um á maganum („skæruliðaskrið“) og setjast sjálft upp aftur.

Kynnast þannig tilgangi þess að komast úr einni stöðu yfir í aðra, og styrkja handleggi, axlir, bol og mjaðmir í leiðinni.

Standa og halda sér til að fá tilfinningu fyrir uppréttri stöðu og styrkja bol, mjaðmir og fótleggi.



Gátlistar 7-9 mánaða

7 mánaða

Grófhreyfingar

Veltir sér af baki yfir á maga.
Getur togað sig upp til að sitja með því
að halda í tvo fingur.
Situr óöruggt, gleitt, með stóran
undirstöðufloð, góður stuðningur fram.
Hoppar þegar það er látið standa.

Fínhreyfingar

Lemur kubbum og höndum í borð.
Seilist eftir hlut með annarri hendinni
og heldur honum þó það seilist eftir
öðrum með hinni.

Samskipti

Brosir og hjalar við sjálfu sér í spegli.
Klappar á spegilmynd sína.
Apar eftir einfaldar hreyfingar og hljóð.
Hrætt við ókunnuga.
Réttir fram arma á móti sínu fólki til að láta taka
sig.

Sjálfs hjálp


Klemmir saman varirnar ef því mislíkar fæða.
Nartar sjálft í kexköku.
Setur allt í munninn sem það handfjatlar.

Leikur

Bíður spennt eftir endurtekningu á
skemmtilegum „leik“.

Málþroski

Ba-ba, da-da, ga-ga.



8 mánaða

Grófhreyfingar

Betra jafnvægi þegar það situr. Styður fram og til hliðanna.

Hallar sér áfram til að ná í hluti, nær sér ekki upp aftur.

Stendur upp við húsgögn og heldur sér.


Fínhreyfingar

Tekur rúsínu milli beins þumals og vísifingurs „skæragrip“.

Byrjar að sleppa gripi sjálfrátt.

Málþroski

Pa-pa, ma-ma.



9 mánaða

Grófhreyfingar

Sest upp. Situr lengi, gott jafnvægi. Snýr sér á rassinum í hring.

Styður aftur á bak. Kemst úr sitjandi stöðu yfir á magann.

Ýtir sér aftur á bak þegar það ætlar að toga sig áfram á maganum.

„Skæruliðaskrið“.

Hallar sér fram til að ná í hlut sitjandi og nær jafnvægi aftur.

Togar sig upp til að standa, sendur upp við húsgögn.

Tvístígur.

Fínhreyfingar

Tekur um skaft á skeið.

Slær tveimur kubbum saman.

Reynir að taka báðum höndum um drykkjarmál, drekkur sjálft úr því með hjálp.

Sjálfs hjálp

Matar sig með „guðsgöflunum“.

Heldur sjálft á pela.

Bandar frá sér þegar því er snýtt.

Samskipti

Hlustar á tif í klukku, són í síma eða rödd.

Skilur að fela sig bak við eitthvað.

Mislíkar þegar leikfang er tekið af því.

Hlær fagnandi þegar vinur birtist.

Leikur

Tekur tusku af höfði sér.